



Dagsetning: 5. september 2023  
Málsnúmer: 2308142/5.0

## Til félagsmálanefndar

# MINNISBLAÐ

## Öruggara Austurland

Verkefnið Öruggara Austurland er hluti af aðgerðum gegn ofbeldi hjá Ríkislögreglustjóra. Markmiðið með verkefninu er að gefa fulltrúum ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, rannsóknastofnana og annarra sem láta sig þessi mál varða tækifæri til að vera með reglulegt samráð, kynna nýjungar, niðurstöður rannsókna og koma á framfæri tillögum til úrbóta með það að markmiði að draga úr og koma í veg fyrir ofbeldi.

Lögreglustjóri Austurlands, Margrét María Sigurðardóttir, kallaði til fyrsta fundar hér á Austurlandi og hefur leitt verkefnið ásamt Eygló Harðardóttur, fyrrverandi ráðherra og verkefnastjóra aðgerða gegn ofbeldi hjá Ríkislögreglustjóra.

Kynningarfundur var haldinn í Austurbrú í upphafi árs 2023. Í framhaldi af þeim fundi var stofnað framkvæmdateymi sem hefur hist reglulega til að móta stefnu, bera saman bækur sínar og móta samstarfsyfirlýsingu allra hlutaðeigenda.

Lögreglustjórinn á Austurlandi, sveitarfélögin Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Múlaþing og Vopnafjarðarhreppur, Austurbrú, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Austurlandsprófastsdæmi, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskóli Austurlands, Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum á Austurlandi.

Samstarfinu er einkum ætlað að ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánnum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis, ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Einnig telst hatursfull orðræða, sem hvetur til ofbeldis eða annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lítillækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa fólks, til ofbeldis sem yfirlýsing þessi tekur til.

Þann 19. september verður haldinn fundur þessara aðila þar sem þau verkefni sem þegar eru í gangi til að stuðla að Öruggara Austurlandi verða kynnt.

Einnig verða kynnt markmið og skipulag fyrirhugaðs samráðs á Austurlandi.

Yfirlýst markmið svæðisbundna samráðsins eru eftirfarandi:



- Vinna enn markvissar að öruggara Austurlandi fyrir íbúa svæðisins.
- Vinna markvisst að auknum skilningi íbúa Austurlands á ofbeldi og skaðsemi þess.
- Styrkja undirstöður og grunn til framtíðar fyrir svæðisbundið samstarf gegn ofbeldi.
- Styðja og efla afbrotavarna- og forvarnahlutverk samstarfsaðila.
- Efla samstarfsaðila í að takast á við áföll og ofbeldi.
- Auka markvisst þekkingu á málaflokknum milli samstarfsaðila á afbrota- og forvarnarvinnu á Austurlandi á þeirri þjónustu sem verið er að veita íbúum af hendi mismunandi samstarfsaðila á nýjungum og þróun þjónustu í málaflokknum
- Efla enn frekar samstarf milli mismunandi samstarfsaðila varðandi afbrotavarnir og forvarnir og samvinnu við úrlausn mála
- Vinna í takt við önnur verkefni í þágu almannaheilla á Austurlandi s.s. innleiðingu á farsæld barna, lýðheilsuvísar, áætlanir sveitarfélaga og fl.

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að taka þátt í að vinna að framkvæmdaráætlun samráðsvettvangsins.

Vonast er til að sveitarfélagið Fjarðabyggð taki þátt í verkefninu og að bæjarstjóri sé tilbúinn að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu um Öruggara Austurlands á fundinum þann 19. september 2023.

Í framhaldi þessa fundar stendur til að móta aðgerðaáætlun fyrir Austurland.

Samstarfsyfirlýsingin er hér meðfylgjandi.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

